



ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR SÖRLA

Veturinn 2022-2023

Hestamannafélagið Sörli

Efnisyfirlit

Starfsárið og nefndin	3
Dagskráin	4
Sýnikennsla í járningum.....	4
Reglubundnir reiðtúrar fyrir vana krakka.....	4
Pollareiðtúrar	5
Forvarnar fyrirlestur	5
Skipulagsdagatal	5
Grímuleikar	5
Aðventan	5
Haustferð unglunga og ungmenna	5
Fjölskylduferð á Skógarhóla	6
Leikjadagur – sameiginlegur.....	6
Árs- og uppskeruhátíð fyrir börn og unglunga	6
Félagshús Sörla	6
Pollanámskeið	6
Knapamerkjanám	6
Reiðmennskuæfingar Sörla	7
Sumarreiðskólar	7
Þakkir	8

Starfsárið og nefndin

Starfsárið 2022-2023 var skemmtilegt en krefjandi. Æskulýðsnefnd Sörla var þess heiðurs aðnjótandi að hljóta Æskulýðsbikar Landssambands hestamanna fyrir gott og fjölbreytt starf ásamt því að fá nefndarbikar Sörla fyrir starfsárið 2022-2023.

Nefndin var heldur fámenn og því mikið álag á nefndarfólki og aðstandendum þeirra en þó tókst að halda uppi starfi og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir allan aldur með áherslu á útiveru. En ljóst er að það er nauðsynlegt að fá fleiri sjálfboðaliða til liðs við nefndina ef vel á að vera, það sama á við um æskulýðsráð.

Það er mikið tilhlökkunarefni að fá aðgang að betri aðstöðu þegar nýja reiðhöllin verður tilbúin til notkunar, en þá er hægt að bjóða upp á enn betri dagskrá sama hvernig viðrar.

Æskulýðsnefnd 2022-2023:

Andri Davíð Pétursson

María Guðfinna Davíðsdóttir

Rakel Gísladóttir

Svanbjörg Vilbergsdóttir, formaður

Æskulýðsráð 2022-2023:

Bryndís Daníelsdóttir

Magnús Víðisson

Jessica Ósk Lavender

Tristan Logi Lavender

Dagskráin

Eins mikilvægt og það er að halda í hefðirnar er jafn mikilvægt að vera sveigjanlegur og geta stillt seglum eftir vindum. Við í æskulýðsnefnd höfum reynt að bjóða frekar upp á þá viðburði sem eru vinsælir hjá ungdómnum ásamt því að reyna að halda því í lágmarki að æfinga- og námskeiðstímar skarist á við okkar viðburði.

Vinsælustu viðburðir nefndarinnar eru án efa skipulögðu reiðtúrarnir og munum við gera þeim hátt undir höfði á næsta starfsári.

Sýnikennsla í járningum

Halldór Guðjónsson gaf tíma sinn í sýnikennslu í járningum. Aðstaða félagshússin var fengin undir þennan viðburð, en félagshesthúsið er með afbragðs góða aðstöðu til ýmissa viðburða fyrir yngri félagsmenn okkar.

Reglubundnir reiðtúrar fyrir vana krakka

Farið var í þrjá reiðtúra fyrir vana krakka og var mætingin mjög góð, reiðtúrarnir eru það sem krökkunum finnst skemmtilegast að gera og eru duglegust að mæta í. Ýmist var farið í uppland Hafnarfjarðar eða Hraunhringinn og Skógarhringinn sem eru skilgreindir sem æfingasvæði Sörla og á því að vera laus við aðra umferð á þeim reiðvegum. Síðasta reiðtúrin var farið um nýjan veg hjá Hvaleyrarvatni þar sem var áð og grillaðar pylsur.



Pollareiðtúrar

Boðið var upp á þrjá pollareiðtúra, því miður var það ekki vel sótt. Æskulýðsnefnd mun samt ekki leggja árar í bát heldur skoða breytingar á fyrirkomulagi og tímasetningu þessa viðburða. Við viljum endilega gera eitthvað skemmtilegt fyrir þau allra yngstu og virkja foreldra til að taka þátt í starfinu.

Forvarnar fyrirlestur

Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu mætti til okkar á Sörlastaði til þess að vera með forvarnarfyrirlestur fyrir börn, unglinga, ungmenni og foreldra þeirra. Virkilega áhugaverður fyrirlestur og þeir sem mættu voru mjög ánægð og spurðu margra spurninga.

Skipulagsdagatal

Óskað var eftir teikningum frá krökkum í Sörla til að prýða dagatalið að þessu sinni. Þær myndir sem við fengum sendar inn fóru allar í dagatalið.

Grímuleikar

Grímuleikarnir eru einn skemmtilegasti viðburður æskulýðsnefndar og krefjast þeir mikils undirbúnings og þátttöku allra nefndarmanna og æskulýðsráðs bæði í undirbúningi og framkvæmd. Alls mættu 44 pollar, börn, unglingar, ungmenni og fullorðnir til leiks og vekur það athygli hversu mikla vinnu flestir leggja í búninginn sinn, enda er aðaláhersla lögð á búningaverðlaunin. Allir fengu þátttökupening ásamt því að veitt eru verðlaun fyrir efstu fimm sætin og besta búninginn í hverjum flokki.

Aðventan

Hist var á aðventunni á Sörlastöðum þar sem skreyttar voru piparkökur og drukkið heitt súkkulaði á meðan jólatréð var skreytt. Á milli jóla og nýárs var svo haldið jólaball fyrir yngstu kynslóðina, þar mætti skemmtilegur og stríðinn jólasveinn.

Haustferð unglinga og ungmenna

Skipulögð var haustferð unglinga og ungmenna við buðum nágrönnum okkar í Mána, Keflavík með til þess að styrkja tengsl félaganna.

Fjölskylduferð á Skógarhóla

Það var góð skráning í ferðina en því miður var henni aflýst vegna aftaka veðurs og ekki hægt að færa hana á aðra dagsetningu. En nú þegar er búið að taka frá helgi fyrir okkur að Skógarhólum og vonumst við til þess að sem flestir mæti með sína fjölskyldu, með eða án hests.

Leikjadagur – sameiginlegur

Leikjadagurinn var haldinn sameiginlegur með öðrum hestamannafélögum á Höfuðborgarsvæðinu og var Mána sérstaklega boðið að mæta með börn úr sínu félagi. Dagurinn heppnaðist afar vel, meðal annars duttu inn til okkar hjólreiðarfólk sem átti leið um með sín börn þar sem gafst tækifæri til að ræða sameiginlegt útivistarsvæðið okkar yfir kaffibolla og candy floss.

Árs- og uppskeruhátíð fyrir börn og unglunga

Um 50 börn og unglingar mættu á hátíðina þar sem boðið var upp á 3ja rétta hátíðarmatseðil og veitt voru verðlaun fyrir árangur í barna- og unglingaflokkum og valinn knapi ársins í yngri flokkum auk þess sem veitt voru verðlaun áhugasamasta einstaklings í yngri flokkum.

Félagshús Sörla

Hið vinsæla félagshús Sörla var starfrækt fjórða árið í röð. Þangað komu m.a. krakkar sem áttu ekki foreldra eða aðra aðstandendur í hestamennsku og stigu sín fyrstu skref. Sigríður Breiðfjörð hafði umsjón með félagshúsinu og stýrði hópastarfinu þar með hjálp frá samviskusömum og duglegum krökkum sem hafa verið í félagshúsinu frá byrjun. Það er mikið gleðiefni að sjá að krakkar, sem hafa verið í félagshúsinu, hafa sum hver eignast sína eigin hesta en komið aftur í félagshúsið og leigt pláss, til að geta verið áfram saman. Það var líka frábært að sjá að nokkrir unglingar sem byrjað höfðu í félagshúsinu hafa vaxið og orðið sjálfstæð í sinni hestamennsku í hverfinu okkar. Félagshúsið hefur notið mikilla vinsælda þessi ár sem það hefur verið starfrækt og er nú félagshúsið að hefja sitt fimmta ár.

Pollanámskeið

Það er löng hefð fyrir því að bjóða upp á pollanámskeið sem var vel sótt líkt og venjulega.

Knapamerkjanám

Okkur hjá Sörla þykir alltaf jafn ánægjulegt að sjá hve margir sækja knapamerkjanámið sem er í boði ár hvert og sjá áhuga félagsmanna að bæta reiðmennsku sína og þekkingu með aukinni menntun. Í ár voru kennd 1., 2., 3. og 5. stig, hófst námið strax í september með bóklegu námi og verkleg kennsla hófst strax að því loknu.

Reiðmennskuæfingar Sörla

Reiðmennskuæfingar voru bæði á haust- og vorönn, þátttakendur voru um þrjátíu alls. Þrír kennarar komu að reiðmennskuæfingum þetta árið, þau heita Anna Björk Ólafsdóttir, Snorri Dal og Hinrik Þór Sigurðsson er yfirþjálfari félagsins. Æfingarnar hafa gefið góða raun og hafa nú þegar hafist þetta haustið og gaman að geta þess að reiðmennskuæfingar fyrir fullorðna eru mjög vinsælar og færri komast að en vilja.

Sumarreiðskólar

Eins og hefð hefur skapast fyrir var félagið í góðu samstarfi við Reiðskóla Íshesta og Reiðskólann Fákar og fjör. Íshestar höfðu forgang í reiðhöllina og reiðgerðið fyrir utan höllina og buðu upp á vikulöng námskeið fyrir börn á aldrinum 6-15 ára. Reiðskólinn Fákar og fjör var starfræktur á Álftanesi síðastliðið sumar. Þar voru einnig í boði vikulöng ævintýranámskeið sem hentuðu vel krökkum sem hafa stundað hestamennsku. Öll námskeið voru vel sótt líkt og fyrri ár.

Þakkir

Án okkar mörgu bakhjarla innan og utan félags, einstaklinga og fyrirtækja væri starfið nú heldur fábreytt og viljum við því þakka félagsmönnum okkar þeim Jónasi Aroni Jónassyni, Jónínu Örvar, Ragnari Ágústssyni, Sigurði Ævarssyni, Ámunda Sigurðussyni og sjálfsagt fleirum einstaklingum sem hafa hjálpað á hinn ýmsan hátt, ásamt öllum reiðkennurum okkar og yfirþjálfara og auðvitað henni Diddu framkvæmdastjóra sem er ávallt boðin og búin til þess að rétta fram hjálparhönd. Fyrirtæki eru líka alltaf dugleg að styrkja starfið með t.d. gjöfum í formi vinninga eða peningagjafa, eftirtöldum fyrirtækjum þökkum við veittan stuðning:

Búvörur SS

Fóðurblandan

Furufllís

Hestaval

Íshestar

Jón Söðlasmiður

R&E ehf

Rio Tinto

Ástund

Josera búðin

Kidka